

AUGLÝSING

um framkvæmd skyndilokana Hafrannsóknastofnunarinnar.

1. gr.

Hafrannsóknastofnuninni er heimilt að grípa til skyndilokana vegna skaðlegra veiða, sbr. 10.-11. gr. laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

Skaðlegar teljast veiðar þegar smáfiskur í afla fer yfir þau viðmiðunarmörk, sem ráðherra hefur ákveðið, að fengnum tillögum Hafrannsóknastofnunarinnar. Sama gildir um veiðar á smáhumri, smárækju eða öðrum tegundum nytjastofna, enda hafi verið sett ákveðin viðmiðunarmörk varðandi nýtingu viðkomandi stofns. Þá teljast það ennfreður skaðlegar veiðar ef þær eru ekki í samræmi við þær ákvarðanir sem teknar hafa verið um hagkvæma nýtingu viðkomandi nytjastofna.

2. gr.

Hafrannsóknastofnunin skal tilkynna skyndilokun til þeirrar strandarstöðvar Landssíma Íslands hf., sem næst liggur því hafsvæði sem veiðibannið tekur til. Ef skyndilokun er á svæði sem tvær strandarstöðvar þjóna, skal tilkynna það báðum stöðvum. Skulu eftirfarandi atriði koma fram í tilkynningunni:

1. Hvenær bannið tekur gildi og hve lengi það gildir.
2. Til hvaða veiðarfæra bannið tekur.
3. Mörk veiðisvæðisins.

Skulu hlutaðeigandi strandarstöðvar tilkynna án tafar á kallbylgjum sínum um skyndilokunina og síðan eins fljótt og við verður komið tilkynna á vinnubylgjum a.m.k. tvisvar sinnum nánar um skyndilokunina. Skulu í tilkynningu á vinnubylgju koma fram öll þau atriði er koma fram í tilkynningu til strandarstöðva sbr. 1. mgr.

Eftir að skyndilokun hefur tekið gildi skulu strandarstöðvar kalla út tilkynningu um hana annan hvern dag meðan skyndilokun er í gildi. Jafnframt skulu strandarstöðvarnar, þar sem því verður við komið, senda tilkynningu með NAVTEX á næsta útsendingartíma eftir útgáfu tilkynningar.

Hafrannsóknastofnunin skal jafnframt senda Landhelgisgæslunni allar tilkynningar um skyndilokun á sama hátt og strandarstöðvum.

Til þess að skyndilokun taki gildi er nægjanlegt, að hún hafi verið tilkynnt frá strandarstöð á vinnubylgju sbr. 2. mgr.

3. gr.

Hafrannsóknastofnunin skal senda tilkynningu um skyndilokun veiðisvæðis til Ríkisútvarpsins, þar sem fram koma upplýsingar um eftirfarandi atriði:

1. Hvenær bannið tekur gildi.
2. Til hvaða veiðarfæra bannið tekur.
3. Veiðisvæðið.

Tilkynningu um skyndilokun skal lesa í auglýsingatíma fyrir fyrsta fréttatíma eftir að Ríkisútvarpinu berst tilkynning um skyndilokun veiðisvæðis og skal þar getið þeirra atriða sem tilgreind eru í 1. mgr. Einnig skal Hafrannsóknastofnunin koma þessum upplýsingum á framfæri við fréttastofu Ríkisútvarpsins.

4. gr.

Auk tilkynninga í auglýsingatíma Ríkisútvarpsins, sbr. 3. gr. skal Hafrannsóknastofnunin tilkynna Ríkisútvarpinu daglega fyrir kl. 9.30 um gildandi skyndilokanir. Í þeirri tilkynningu komi fram eftirgreind atriði varðandi hverja skyndilokun:

1. Til hvaða veiða bannið tekur.
2. Veiðisvæðið.
3. Hvenær bannið fellur úr gildi.

Skulu þessar tilkynningar lesnar á rás 1 í Ríkisútvarpinu daglega fyrir hádegisfréttir.

5. gr.

Upplýsingar um nánari mörk bannsvæða veitir Landhelgisgæslan og nærliggjandi strandarstöðvar.

Veiðieftirlitsmenn Fiskistofu skulu kappkosta eftir föngum að koma upplýsingum um skyndilokanir á framfæri til veiðiskipa, sem vitað er að halda sig nærri þeim svæðum sem banna á veiðar á, eða ætla má að séu á leið þangað til veiða.

6. gr.

Ákveða skal skyndilokun þannig að hún taki ekki gildi, fyrr en veiðiskipum hefur gefist færi á að taka inn veiðarfæri sín. Skal við ákvörðun um gildistöku taka tillit til þess með hvaða veiðarfærum veiðar eru stundaðar á því svæði, sem banna á veiðar á.

7. gr.

Auglýsing þessi er gefin út með stoð í 4. mgr. 10. gr. laga nr. 79 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 14. janúar 1998.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Akureyrar.

1. gr.

Hitaveita Akureyrar selur afnot af heitu vatni úr veitukerfi sínu samkvæmt gjaldskrá þessari og reglugerð Hitaveitu Akureyrar.

2. gr.

Hitaveita Akureyrar takmarkar allajafna ekki aðgang húsveitu að vatni umfram það er heimæð og veitukerfi gera. Þó er veitunni heimilt að setja upp búnað hjá notanda sem tryggir aðra notendur gegn óeðlilegum þrýstibreytingum og er starfsmönnum veitunnar einum heimilt að breyta stillingu hans.

3. gr.

Fyrir afnot af heita vatninu skal greiða:

A. Samkvæmt vatnsmæli fyrir hvern rúmmetra vatns

kr.

106